

## **246. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 1. september 2006.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 8:30.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 245. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### **2. Rekstraryfirlit janúar–júlí 2006**

Ólafur gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–júlí. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 573,74 m.kr. (58,93% af áætlun ársins) þar af 344,89 m.kr. vegna kennsludeilda.

### **3. Undirbúningur rekstraráætlunar 2007**

Ólafur sagði vinnu við rekstraráætlun 2007 komna vel af stað og fyrstu drög yrðu tilbúin síðar í september.

### **4. Innritun 2006–2007**

Laufey Petrea Magnúsdóttir kom inn á fund og gerði grein fyrir innritun nemenda á haustmisseri. Alls bárust 643 umsóknir. Umsóknir um grunnnám voru 557 og þar af var 81 umsókn hafnað og 51 nemandi hefur hætt við nám. Umsóknir um framhaldsnám voru 86 og var einni umsókn hafnað og 4 nemendur hafa hætt námi. Átta umsóknir eru í athugun. Auk þessa bárust 40 umsóknir með rafrænum hætti þar sem greiðslur og/ eða fylgigögn vantaði og voru þær því ekki teknar fyrir.

Alls eru 1478 nemendur við nám í háskólanum.

### **5. Lög um háskóla**

Rektor kynnti ný Lög um háskóla sem samþykkt voru á Alþingi 2. júní sl.

### **6. Niðurfelling menntamálaráðuneytis um úttektir á háskólastigi**

Kynnt var ákvörðun menntamálaráðuneytis um niðurfellingu áætlunar ráðuneytisins um úttektir á háskólastigi. Er það gert í samræmi við ný Lög um háskóla og mun ráðuneytið gefa út nýja áætlun um ytra mat á kennslu og rannsóknum síðar.

### **7. Gæðaráð**

Á fundi sínum 29. maí sl. samþykkti háskólaráð skipurit fyrir háskólann þar sem gert er ráð fyrir að gæðaráð starfi við háskólann. Í gæðaráði eiga sæti rektor sem jafnframt er formaður ráðsins, allir deildarforsetar, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, einn fulltrúi starfsmanna og einn fulltrúi nemenda.

Háskólaráð samþykkti framlagða tillögu rektors um að kosið yrði um starfsmannafulltrúann á innri vef Stefaníu (upplýsingakerfi háskólans). Haft yrði forval sem stæði í viku þar sem hver sem það vildi gæti annaðhvort boðið sig fram eða tilnefnt aðra til setunnar með tölvupósti. Siðan verði kosið á milli þeirra sem flestar tilnefningar fá í Stefaníu og skulu þær kosningar aðeins standa í two til þrjá daga. Tveir fulltrúar verða valdir, þ.e. aðal- og varamaður, til a.m.k. tveggja ára. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir kennrar sem hafa seturétt á deildarfundum og allir aðrir starfsmenn háskólans með ótímabundna ráðningu.

GS · JRE  
HSB

Hvað nemendur varðar þá verði það á valdi stjórnar FSHA að ákveða fyrirkomulagið. Þeir þurfa að velja two fulltrúa, þ.e. aðal- og varamann sem valdir eru til eins árs.

**8. Starfsreglur framkvæmdastjórnar**

Ólafur kynnti drög að starfsreglum framkvæmdastjórnar sem hann og Guðmundur Heiðar Frímannsson hafa unnið. Ákveðið var að fulltrúar kennara og nemenda skili álití til Ólafs og Guðmundar og ný drög verði lögð fram á næsta fundi.

**9. Samningar við Félag háskólakennara á Akureyri**

Rektor gerði grein fyrir því að ekki hefði tekist að fá aukafjárveitingu vegna samninga háskólangs við FHA. Háskólaráð ákvað að fela rektor að ganga til samninga við FHA þar sem miðað verði við sambærilega samninga og gerðir voru í HÍ en að launahækkanir komi til framkvæmda á lengri tíma. Jafnframt fóli háskólaráð framkvæmdastjórn að gera áætlun um hallalausan rekstur á þessu ári og því næsta miðað við slíka samninga. Framkvæmdastjórn skal leggja áætlunina fyrir háskólaráð í næstu viku og áður en gengið er frá samningum við FHA.

**10. Stefnumótun HA í málefnum fatlaðra**

Á fundi háskólaráðs í desember 2004 var ákveðið að skipa vinnuhóp til að gera tillögur um stefnumótun háskólangs í málefnum fatlaðra. Veturinn 2005–2006 var fjallað um tillögurnar í háskólaráði og jafnréttisráði HA. Ný drög að stefnumótun eru nú lögð fram þar sem tekið hefur verið tillit til framkominna athugasemda. Kveðið er á um að skipuð verði sex manna nefnd til þriggja ára sem hafi það hlutverk að framfylgja stefnunni og setja fram og móta nánari útfærslu á framkvæmdaleiðum og – ferlum í málefnum fatlaðra. Háskólaráð samþykkti stefnuna en vegna skipulagsbreyinga sem orðið hafa er mælst til að leitað verði leiða til að fækka um einn í nefndinni.

**11. Ráðning deildarforseta heilbrigðisdeilda**

Tvær umsóknir bárust um stöðu deildarforseta heilbrigðisdeilda sem auglýst var laus til umsóknar í mars sl. Umsóknirnar voru frá Hermanni Óskarssyni starfandi deildarforseta og Laufeyju Steingrimsdóttur sviðsstjóra hjá LÝheilsustöð. Fyrir fundinum lá dómnefndarálit um umsækjendur og athugasemdir annars þeirra. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálið á fundi sínum 26. júní sl. Lagt var fram bréf frá deildarfundi heilbrigðisdeilda þar sem fram kemur að á deildarfundi þann 30. ágúst sl. hafi farið fram leyfileg atkvæðagreiðsla um hvorum umsækjandanum deildin mælti með. Atkvæði fóru svo að Hermann hlaut 11 en Laufey 13. Lagður var fram undirskriftartílisti frá nemendum í heilbrigðisdeild þar sem lýst er yfir stuðningi við sitjandi deildarforseta Hermann Óskarsson.

Háskólaráð fóli rektor að ganga frá ráðningu.

**12. Rannsóknamiðstöð forvarna**

Lögð voru fram drög að samningi um starfrækslu Rannsóknamiðstöðvar forvarna við Háskólanum á Akureyri. Háskólaráð ákvað að vísa málínu til umfjöllunar í framkvæmdastjórn. Í umræðum var lögð áhersla á að settar yrðu starfsreglur fyrir miðstöðina, hún hefði stjórn og sérstakur ráðningarsamningur yrði gerður við forstöðumann hennar. Það yrði að vera ljóst að háskólinn hefði hag af starfseminni og mögulegt væri að setja fleiri verkefni þarna undir.

**13. Önnur mál**

13.1 Rektor dreifði skýrslu OECD um úttekt á háskólastiginu, *Thematic Review of Tertiary Education*. Menntamálaráðuneyti hefur boðað til ráðstefnu um skýrsluna í Reykjavík þann 8. september nk.

13.2 Ingibjörg spurðist fyrir um fjármagn í Vinnumatssjóð. Rektor sagði að málid væri til umfjöllunar í tengslum við samninga við FHA.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:40.

*Hermann Óskarsson  
Jóni Rúnar Edvarðsson  
Hjálmar Stefán Bozuyóffson*

*Guðrún Sigrún*